

Reifun á úrskurði nr. 9/2015 - Gjafafriðindi vegna innflutningsgjafar

A kærði ákvörðun Tollstjóra um álagningu gjalda á innflutningsgjöf. Um er að ræða matarpotta sem kærandi heldur fram að hafi verið innflutningsgjöf frá móður sinni. Heldur kærandi því fram að um sé að ræða gjöf af sérstöku tilefni og mótmælir þeim háu aðflutningsgjöldum sem lögð voru á sendinguna.

Niðurstaða: Í 32. gr. reglugerðarinnar eru tekin dæmi um hvers konar tækifærisgjafir geti fallið undir undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda og eru þar nefndar jóla- afmælis- eða fermingargjafir. Allar undanþágur frá gjaldskyldu skal túlka þröngt. Í ljósi þess telur Tollstjóri að flutningur í nýtt leiguhúsnæði sé ekki sambærilegt þeim tilefnum sem talin eru upp í áðurgreindu ákvæði. Telur Tollstjóri því að umrædd innflutningsgjöf geti ekki talist til tækifærisgjafar í skilningi 1. mgr. 6. gr. tollalaga og 32. gr. reglugerðar nr. 630/2008.